

Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2018

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Leiðbeinendur frá Listasafni ASÍ heimsóttu nýverið Seyðisfjardarskóla í boði AFLs. Þeir höfðu með sér mynd í eigu safnsins eftir Gunnlaug Scheving sem krakkarnir unnu eigin listaverk út frá. Leiðbeinendurnir Ragnheiður Gestdóttir og Sigrún Jónsdóttir leggja línurnar með krökkunum í byrjun. Nánar í miðopnu.

Uppsögn samninga eða ekki?

Það kemur í ljós fyrir mánaðarmót hvort almennum kjarasamningum Alþýðusambandsfélaga verður sagt upp eða ekki. Úrskurðir Kjararáðs og kjaradómur liðinna missera hefur lagt allar forsendur gildandi kjarasamninga þannig að Alþýðusambandsfélögin hafa allar forsendur til að segja upp samningum og einstaka forystumenn hafa lýst skýrum vilja til þess.

Það sem flækir málið er að valdið til að segja upp samningum hvílir hjá samninganefnd Alþýðusambandsins þar sem sæti eiga formenn landssambanda, formenn Eflingar og VR og fulltrúi félaga utan sambanda. Allir í samninganefndinni eru jafnframt formenn verkalyðsfélaga, utan forseti Alþýðusambandsins.

Formenn einstakra félaga hafa verið frekar hljóðlátir síðustu vikurnar og það má rekja til þess að meðal almennra félagsmanna eru skiptar skoðanir um uppsögn samninga. Formenn hafa verið að leita formlega og óformlega í baklandið og eru að koma til baka minna vígreifir en margir þeirra lögðu af stað.

Kaupmáttur er með besta móti og verðbólga lág. Það er lítið atvinnuleysi víðast hvar um landið og t.d. í byggingariðnaði er mikil vinna og þá góðar tekjur. Það er því víða sjónarmið að bíða haustsins með að fara í viðræður. Í samningnum sem í gildi er nú er 3% hækkun í maí og svo hækkun á mótfamlagi í lífeyrissjóð í sumar. Menn vilja verja þessar hækkanir og sjá ekki fram á annað en að samningaviðræður yrðu hvort eð er ekki komnar í gang að neinu viti fyrir en í sumar og mögulega samið í haust. Samningurinn rennur út án uppsagnar í lok árs.

Það er því meira af „prinsippástæðum“ sem einstaka forystumenn vilja segja upp samningum – en reidi manna beinist miklu meira að stjórnvöldum en Samtökum Atvinnulífsins. Samtökin hafa í grófum dráttum staðið við gildandi kjarasamning en nýgerðir samningar við flugvirkja og flugmenn hafa mögulega farið út fyrir rammann.

Tilgangur þessarar viðmiðunar – eða svokallaðs „SALEK ramma“ – er að reyna að tryggja að almennt

launafólk sitji ekki eftir á meðan aðrir hópar sækja stórar hækkanir en kjararáð hefur úrskurðað þingmönnum og ædstu embættismönnum launahækkunum sem almennt launafólk fær ekki.

Það sem flækir stöðuna líka er að formaður stærsta stéttarfélags landsins, Ragnar Ingólfsson, formaður VR, hefur ráðist harkalega að forseta Alþýðusambandsins síðustu vikur og þar á meðal fyrir að „hafa tekið samningsrétt“ af félaginu. Það er hins vegar ekki rétt því VR semur alltaf sérstaklega og kjarasamningar 2015 voru leiddir af Starfsgreinasambandinu og samböndin sömdu öll sérstaklega og t.d. iðnaðarmenn ekki fyrir en um haustið. Alþýðusambandið kom því hvergi nærri þeim samningum.

Komi til þess að samninganefnd Alþýðusambandsins segi ekki upp samningum – og þá að viðhöfðu samráði við trúnaðarmenn félaganna og helsta baklandið – má búast við að öll spjót standi síðan á Alþýðusambandinu og forseta þess næstu mánuði ef eitthvað er að marka umræðuna síðustu mánuði. Það væri

frekar ömurlegur aðdragandi að næstu kjarasamningum enda ljóst að geta til samstöðu væri þá lítil.

Samstaða launafólks næstu misseri og ár er því beinlínis nauðsynleg þar sem helsta viðfangsefnið er samfélagslegs eðlis – þ.e. að reyna að snúa af þeirri misskiptingu sem fer vaxandi í samfélaginu og þá ekki sist fyrir atbeina ríkisvaldsins. Þannig eru t.d. atvinnuleysisbætur í sögulegu lágmarki og fæðingarorlof og húsnæðisbætur hafa verið skertar svo að nánast allar kjarabætur síðustu ára hafa verið hirtar jafnóðum af láglaunafólki. Þannig vantar nú um 100.000 kr. í launaumslag ungra hjóna með 2 börn af þeim kjarabótum sem samið hefur verið um. Þær hækkanir hafa allar verið hirtar jafnóðum með skerðingu á þessum bótum.

Formaður AFLs hefur verið á vinnustaðafundum síðustu daga og er að boða trúnaðarráð félagsins til funda til að fara yfir stöðuna.

Skilaboð til launagreiðenda

AFL tekur við rafrænum skilagreinum frá öllum helstu launakerfum. Sjá nánar á www.skilagrein.is/innheimtuaðilar [1] - eða hafið samband við skrifstofu félagsins.



Einn hópurinn að störfum.

Heimsókn frá Listasafni ASÍ í Seyðisfjarðarskóla

„Fattar ekki að allt sé unnið út frá sama verkinu“

Nemendur á miðstigi Seyðisfjarðarskóla fengu góða heimsókn fyrir jólar fulltrúar Listasafns ASÍ litu þar við. Með í för var málverkið Sjómenn eftir Gunnlaug Scheving. Krakkarnir fræddust um Gunnlaug og verkið áður en þau unnu eigin hreyfimyndir út frá því.

„Ég er þakklát fyrir að krakkarnir hafi fengið að taka þátt í þessu verkefni. Við fáum ekki að upplifa á hverjum degi að kynnst svona verki,“ segir Kolbrún Erla Pétursdóttir, umsjónarkennari hópsins.

Listasafn ASÍ leitar sér nú að nýjum sýningarsal og því hefur safnið verið gert hreyfanlegra. Meðal annars er farið með verk í eigu þess inn í skóla til að kynna fyrir ungmenum. Með í för voru Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri, Ragnheiður Gestsdóttir, myndlistar- og kvikmyndagerðarkona, Sigrún Jónsdóttir, básunuleikari og tónskáld og Kolbrún Vaka Helgadóttir kvikmyndagerðarkona.

Sjávarlífsmyndir Gunnlaugs innblásnar af Seyðisfirði

Gunnlaugur Scheving bjó um tíma á Seyðisfirði og er talið að sjávarmyndir

hans séu innblásnar meðal annars af því æviskeiði hans en hann bjó líka í Grindavík. Krökkunum var sagt frá Gunnlaugi og verkinu en þau fengu síðan tíma til að grandskoða það sjálf. Verkefni þeirra var að hugsa hvað gerðist annaðhvort fyrir eða eftir að atburðurinn sem myndin sýnir átti sér stað og búa síðan til eigin kyrrhreyfimynd (e. stop-motion) út frá þeirri sögu.

„Þótt þau séu öll að vinna með sama verkið er ótrúleg fjölbreytni í þeirra vinnu. Þú fattar ekki endilega að verk þeirra séu öll unnin út frá sömu myndinni. Í einu eru kjúklingar, hákarlar í öðru og sprengingar í því þriðja. Þau eru með mikið hugmyndaflug,“ segir Kolbrún Erla.


Hvernig tekur maður upp ölduhljóð?

Í tvo heila skóladaga var skólatími 27 krakka lagður undir listnámið. „Þau hafa algjörlega sökkt sér í verkið. Þau læra að vinna saman í hópi, taka tillit hvert til annars, vinna með myndlist. Það er líka upplifun að sjá orginal mynd eftir einn af meisturunum og fræðast um hann.“

Krakkarnir unnu ekki bara með myndlist heldur hljóðsettu þau hreyfimyndir sínar. Þar var notast



Kolbrún Erla Pétursdóttir umsjónarkennari.



Kyrrhreyfimyndirnar eru unnar þannig að teknar eru ljósmyndir með stuttu millibili. Þeim er síðan skeytt saman í myndband til að fá fram ákveðna áferð.



Málverkið Sjómenn eftir Gunnlaug Scheving sem krakkarnir unnu eftir.



Sigrún Jónsdóttir leiðbeindi krökkunum við hljóðsetninguna.

við ýmis hljóðfæri sem sjaldan eru notuð, til dæmis kálhaua. „Þau spá í ótrúlega fjölbreyttum hlutum, til dæmis hvernig maður tekur upp ölduhljóð eða einhvern að labba í grasi.“

Myndlistarkennslan skilar sér á Seyðisfirði

„Þær sem voru með mér töluðu um hvað börnin og kennararnir voru frábærir, greinlega von að tala um og skoða myndlist. Þetta var lifandi og skemmtilegur hópur og hugmyndaauðgin mikil, það var stundum erfitt að trúá því að það væru börn sem gerðu sumar myndanna. Þau voru snögg að grípa allt og fljót að vinna verkefnið.“

Myndlistarmenntun hefur verið vel sinnt á Seyðisfirði í þó nokkurn tíma og það hefur greinilega skilað sér,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, safnstjóri Listasafns ASÍ.

Seyðisfjörður var annar áfangastaður skólaverkefnis safnsins en komið var austur í tilefni af 10 ára afmæli AFLs Starfsgreinafélags á síðasta ári. „Það var yndislegt að koma á svona fallegan stað um miðjan vetur. Staðurinn skartaði sínu fegursta þótt Fjarðarheiðin væri leiðinleg. Ég var með dýrmætum farm með mér því tvær af ungu konunum sem voru með í för eiga von á sér en það var vel passað upp á okkur og við vaktuðar á heiðinni,“ bætir Elísabet við.

Frábært að fá frummyndina inn í skólastofuna

Í lok seinni dagsins var svo sest niður og horft á myndirnar sem urðu til. Þær verðar settar á heimasíðu Listasafns ASÍ sem og heimildamynd sem unnin var um dagana á Seyðisfirði. „Ég er búin að sjá viðtölin sem tekin voru og þar eru mörg gullkorn. Ein talar um hvað það sé frábært að fá alvöru myndlistarverk – eina eintakið – inn í skólastofuna og skoða það. Ég upplifði mikið þakklæti því krakkarnir kunnu að meta listina,“ segir Elísabet.

Líkt og Kolbrún Erla bendir hún á ýmsa færni sem verkefni á bordi við þetta þjálf. „Við vorum einnig með svona verkefni í Hafnarfirði og þar bentu kennararnir á að krakkarnir læri hvernig eigi að byggja upp sögupráð sem hjálpar þeim til dæmis við ritgerðaskrif. Við spurðum þau líka aðeins í lokin og þau vissu þá öll hver listamaðurinn var, hvenær verkið var málað og svo framvegis.“

Krakkarnir sjá myndina hvert út frá sínu sjónarhorni. „Sjávarútvegurinn er kannski ekki alveg eins í blóðinu og hann var fyrir 40-50 árum,“ útskýrir Kolbrún Erla. „Sum barnanna eiga foreldra sem eiga trillu og einn fór strax að spá í hvað fiskikarið sem sést á myndinni væri stórt!“

Orlofsíbúð AFLs á Spáni

Íbúðin er í úthverfi bæjar sem heitir Torrevieja og er í u.þ.b. 30 mín akstursfjarlægð frá Alicante.



Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og rúm fyrir átta manns.
Allur almennur búnaður er í húsinu (handklæði, rúmföt og stranddót).

Leigt er í hálfan mánuð í einu og er leiga 62.000,- fyrir félagsmenn.

Fyrstur kemur fyrstur fær! Bókanlegt á www.asa.is

2. - 16. mars, 16. - 30. mars, 30. mars - 13. apríl, 13. - 27. apríl, 27. apríl - 11. maí,
21. sept. - 5. okt., 5. - 19. okt., 19. okt. - 2. nóv., 2. - 16. nóv., 16. - 30. nóv.

Úthlutað:

25. maí - 7. júní, 27. júní - 11. júlí, 11. - 25. júlí, 25. júlí - 7. ágúst, 7. - 21. sept.

**Sækja má um á www.asa.is eða á skrifstofum AFLs fyrir
8. mars, úthlutað verður 10. mars.**



Tvö ný hús í Ölfusborgum

AFL Starfsgreinafélag hefur fest kaup á tveim húsum í Ölfusborgum, húsum nr. 14 og 15. Þau koma til notkunar fyrir félagsmenn frá og með 1. mars 2018 á sama hátt og hús félagsins á Einarstöðum, Illugastöðum og í Klifabotni, þ.e.a.s. almenn leiga. Sótt er um á vef félagsins undir „Bóka orlofseign,“ fyrir utan úthlutunartímabil sem er um páska frá 28. mars til 4. apríl og sumarmánuðina frá 1. júní til 24. ágúst. Þá þarf að sækja um fyrir auglýsta tíma á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Hægt er að sækja um Ölfusborgir fyrir þessa páska, með símtali á skrifstofu félagsins eða á eyðublaði á www.asa.is.



Orlofshús í Ölfusborgum séð utan frá.



Innan úr nýju húsunum í Ölfusborgum.

133 milljónir úr Sjúkrasjóði

Heildargreiðslur Sjúkrasjóðs AFLs voru um 133 milljónir á síðasta ári. Þar af voru um 103 milljónir króna greiddar í sjúkradagpeninga til 159 einstaklinga eða tæpar 1,8 milljónir til hvers að meðaltali. Þá greiddi sjóðurinn um 30 milljónir í mismunandi styrki til 1.532 félagsmanna eða tæpar 20.000 kr. í styrk að meðaltali.

